Fundargerð – fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis

13. október 2026

Mætt: Ása Lóa, Víðir, Sigurður Helgi, Karl Gauti, Ása Berglind, Ingveldur Anna, Halla Hrund, Guðrún Hafsteinsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, bæjarfulltrúar Vestmannaeyjabæjar, bæjarstjóri og sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Tilefni fundar: Yfirferð yfir helstu hagsmunamál Vestmannaeyja og eftirfylgni þeirra gagnvart Alþingi og ráðuneytum.

1. NSL-4 almannavarnalögn

Farið var yfir stöðu NSL-4, tafir á verkefninu og fjármögnun þess. Fulltrúar Vestmannaeyjabæjar lögðu áherslu á að lögnin væri almannavarnainnviður sem bæri að fjármagna af ríkinu. Fram kom að framlag ríkisins næmi 800 m.kr., en heildarkostnaður hefði hækkað verulega og að bærinn stæði frammi fyrir umtalsverðri fjármögnun vegna innviðar sem aflaði engra tekna. Einnig var bent á að ríkið væri að taka þessar 800 m.kr. til sín í formi skatta, tolla og aðflutningsgjalda þar sem fjármálaráðuneytið hefur hafnað því að veita undanþágu á töllum og leggja til breytinu á virðisaukaskattslögum.

Áréttað var að almannavarnalögnin væri forgangsmál og brýnt að niðurstaða fengist án frekari tafa. Fram kom að þingmenn fá minnisblað um málið og tímalínu. Þingmenn sögðust fylgja málinu eftir og þrýsta á ráðuneytin um svör.

2. Samgöngur, Herjólfur og Landeyjahöfn

Íris fór yfir glærur þar sem helstu hagsmunamál voru áréttuð. Rætt var um tíðni flugs til Vestmannaeyja, mikilvægi fleiri áætlunarferða og möguleika á betri samnýtingu fjár milli áætlunarflugs og sjúkraflugs. Bent var á að aukið áætlunarflug gæti í vissum tilvikum dregið úr þörf fyrir sjúkraflug vegna ferða sjúklinga sem ekki væru alvarlega veikir.

Rætt var um öryggi samgangna á sjó, fjölda niðurfelldra ferða og nauðsyn þess að tryggja hentugt varaskip fyrir Herjólf. Fram kom að Baldur væri ekki talinn fullnægjandi varaskip og óskað var upplýsinga um stöðu og staðsetningu Herjólfs III yfir veturinn. Jafnframt kom fram að haffærisskilyrði fyrir Herjólf III hefðu verið uppfyllt og að fjármögnun varamótors fyrir Herjólf IV væri tryggð.

Landeyjahöfn var rædd sérstaklega. Vísað var til væntanlegrar skýrslu dönsku straumfræðistofnunarinnar og lögð áhersla á að ríkið tæki afstöðu til nauðsynlegra úrbóta svo höfnin gæti þjónað hlutverki sínu allt árið. Bent var á mikinn árlegan kostnað við dýpkun en nýr dýpkunaraðili hefði tekið við verkefninu sem byrjar vel.

3. Raforkuöryggi og varaafl

Farið var yfir stöðu raforkuöryggis í Vestmannaeyjum. Fram kom að N-1 tenging væri komin yfir hafið en að áfram væri brýnt að tryggja fullnægjandi varaafl, einkum yfir vetrartímann. Vísað var til þingsályktunar og tillagna á þingmálaskrá um orkuöryggi heimila og fyrirtækja sem ekki teljast stórnotendur.

4. Löggæsla og opinber þjónusta í Vestmannaeyjum

Lýst var þungum áhyggjum af hugmyndum um sameiningu lögregluembætta. Fundarmenn lögðu áherslu á sérstöðu Vestmannaeyja sem eyjasamfélags, mikilvægi staðbundinnar ákvarðanatöku og getu til skjótra viðbragða við almannavarnaástandi og erfiðum veðurskilyrðum. Bent var á að ýmiss opinber störf og embætti hefðu þegar færst frá landsbyggðinni og að frekari miðstýring gæti takmarkað tækifæri ungs og menntaðs fólks til að flytja heim.

Fram kom að dómsmálaráðherra hefði kynnt hugmyndir um fækkun lögregluembætta með vísan til sameiningar og sérhæfingar. Óskað var eftir því að þingmenn beittu sér með Vestmannaeyjabæ til að verja embættið og nærþjónustu í sveitarfélaginu.

5. Heilbrigðisþjónusta og viðbragðstími

Rætt var um viðbragðstíma sjúkraflugs og að fyrirliggjandi viðmið virtust ekki tryggja fullnægjandi þjónustu. Fram kom að miðað væri við allt að 90 mínútna viðbragðstíma vegna F1-útkalla og að Landhelgisgæslan væri kölluð til ef þau viðmið næðust ekki. Bent var á að endurskoðun viðmiðanna stæði yfir og að munur á þjónustu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis væri of mikill.

Fjallað var um fyrri tillögur starfshóps um bráðaviðbrögð og hugmyndir um bráðafjarheilbrigðismiðstöð. Talið var tímabært að kanna stöðu þeirrar vinnu. Einnig var rætt um staðsetningu þyrlu eða annarrar sértækrar viðbragðsþjónustu í Vestmannaeyjum til að þjóna Eyjum og Suðurlandi. Þá var kallað eftir skýrari stuðningsúrræðum fyrir lækna sem vilja flytja út á land, að norskri fyrirmynd.

6. Hjúkrunarheimili

Fram kom að ríkisstjórnin ynni að uppbyggingu hjúkrunarheimila víða um land. Lögð var áhersla á að horft yrði til Vestmannaeyja í þeirri uppbyggingu og áréttað að núverandi húsnæði Hraunbúða væri ekki talið ákjósanlegt til framtíðar.

7. Niðurstaða og eftirfylgni

Samstaða var um að fylgja framangreindum hagsmunamálum eftir. Sérstök áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- Að minnisblað og tímalína um NSL-4 verði send þingmönnum.
- Að þrýst verði á ráðuneyti um svör og niðurstöðu um fjármögnun almannavarnalagnarinnar.
- Að kallað verði eftir upplýsingum um stöðu Herjólfs III og tryggt hentugt varaskip.
- Að niðurstöðum um Landeyjahöfn verði fylgt eftir og ríkið taki afstöðu til varanlegra úrbóta.
- Að unnið verði áfram að auknu raforkuöryggi og fullnægjandi varaafli.
- Að staðbundið lögregluembætti og önnur mikilvæg opinber þjónusta í Vestmannaeyjum verði varin.
- Að viðbragðstími og fyrirkomulag bráðaheilbrigðisþjónustu verði endurskoðað með hliðsjón af sérstöðu Eyja.
- Að Vestmannaeyjar verði teknar með í áform um uppbyggingu hjúkrunarheimila.